

# Gjaldskrá

## Tónlistarskóla Garðabæjar

### 1. gr.

Skólagjöld Tónlistarskóla Garðabæjar eru innheimt samkvæmt lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.

Skólagjöldum er ætlað að standa undir öðrum kostnaði við skólareksturinn en launakostnaði kennara og skólastjóra.

### 2. gr.

Skólagjöld skólaárið 2022-2023 eru eftirfarandi:

Hljóðfæranám, hóptímar	kr. 49.300
Hljóðfæranám – grunn og miðstig, fullt nám	kr. 113.800
Hljóðfæranám – framhaldsáfangi, fullt nám	kr. 125.000
Söngnám – grunn og miðáfangi, fullt nám	kr. 113.800
Söngnám – framhaldsáfangi	kr. 125.100
Suzuki nám	kr. 100.800
Hljóðfæraleiga	kr. 12.200

### 3. gr.

Greiða skal staðfestingargjald kr. 10.000 við innritun og er það óendurkræft.

### 4. gr.

Samningur skal gerður við nemendur og forráðamenn um hljóðfærleigu þar sem m.a. eru skilmálar um meðferð hljóðfæra.

### 5. gr.

Í þeim tilvikum sem systkin yngri en 18 ára stunda nám við skólann skal veittur systkinaafsláttur fyrir eldra systkin eða eldri systkin. Systkinaafsláttur skal nema 20% fyrir annað systkin og 30% fyrir þriðja systkin. Við ákvörðun afsláttar skal miða við fjárhæð gjalda þannig að það systkin sem greiðir næst mest skal fyrst njóta afsláttar o.s.frv.

### 6.gr.

Nemandi sem stundar nám á fleira en eitt hljóðfæri skal veittur 20% afsláttur frá námsgjaldi á annað hljóðfæri.

### 7. gr.

Gjalddagar skólagjalda skulu vera 1. október, 1. nóvember og 1. desember. Heimilt er að greiða gjöldin með greiðslukortum samkvæmt samkomulagi við bæjarskrifstofur Garðabæjar sem annast innheimtu gjaldanna.

### 8. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar 18. ágúst 2022 og gildir frá og með skólaárinu 2022-2023.

Garðabæ, 18. ágúst 2022

Guðjón Erling Friðriksson,  
bæjarritari.